

## Mál nr. 50/2006

### M og Vátryggingafélagið X vegna A og B

#### Árekstur gatnamótum Háagerðis og Sogavegar 25.02. 2006.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 13.03. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.03. 2006.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið Háagerði í áttina að Sogavegi þar sem ökumaðurinn beygði til hægri, B var ekið Sogaveg og beygt áleiðis inn að Háagerði. Biðskylda er á gatnamótunum gagnvart umferð um Sogaveg.

M telur að ökumaður B hafi tekið of þrönga vinstri beygju og að rekja megi áreksturinn til þessa.

Vátryggingafélagið vísar til þess að B hafi tekið þrönga vinstri beygju, A hafi verið kominn fram yfir biðskyldu á Háagerði áleiðis inn á akbraut Sogavegar þegar árekstur varð. Félagið telur að A eigi að bera 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar sbr. gögn málsins og 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að ökumaður B tók of þrönga vinstri breygju. Virðist sem ökumaður A hafi verið kominn með bifreið sína fram fyrir biðskylduna. Þrenging er á gatnamótunum við Háagerði sem hefur það í för með sér að sá sem beygir til vinstri líkt og ökumaður B gerði verður að gæta aukinnar aðgæslu gagnvart umferð sem á móti kemur.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A þrátt fyrir að hann hafi átt biðskyldu gagnvart umferð um Sogaveg. Árekstur þennan má fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis ökumanns B.

Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum.

#### Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 11. apríl 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.